

Skipulags-, byggingar- og veitunefnd

Fundur – 11. október 2010

Fundur haldinn í Skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar mánudaginn 11. október 2010, kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Þórður Pálsson, formaður, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri.

Dagskrá:

Dagskrárliður 1

Stígandi ehf kt. 620269-7279 óskar hér með eftir stöðuleyfi fyrir u.þ.b. 67 m² timburhús á lóðinni Húnabraut 29. Reiknað er með að húsið verði byggt á næstu vikum/mánuðum en síðan flutt á byggingarstað. Óskað er eftir stöðuleyfi sem gildir til ársloka 2010. Meðfylgjandi eru allar teikningar.

Afgreiðslur:

Erindið er samþykkt

Dagskrárliður 2

Míla ehf. sækir um byggingarleyfi til að reisa 30m. hátt stálgrindarmastur ásamt 6,2m² tækjahúsi í landi Hnjúka, Blönduósi. Meðfylgjandi eru allar teikningar.

Afgreiðslur:

Erindið er samþykkt

Dagskrárliður 3

Uppreisa bf. ehf. kt 671006-0970 (Sverrir Sverrisson) óskar eftir lóðinni Smárabraut 7, Blönduósi.

Afgreiðslur:

Samkvæmt úthlutunarreglum byggingalóða hjá Blönduósbæ (2.0.2 Auglýsing byggingalóða) er skylt að auglýsa lóðirnar opinberlega lausar til umsóknar. Ekki er búið að auglýsa ofangreinda lóð. Á þeim forsendum er erindinu frestað þar til umsóknarfrestur á auglýstum lóðum er liðinn.

Dagskrárliður 4

Uppreisa bf. ehf. kt 671006-0970 (Sverrir Sverrisson) óskar eftir lóðinni Smárabraut 9, Blönduósi.

Afgreiðslur:

Samkvæmt úthlutunarreglum byggingalóða hjá Blönduósbæ (2.0.2 Auglýsing byggingalóða) er skylt að auglýsa lóðirnar opinberlega lausar til umsóknar. Ekki er búið að auglýsa ofangreinda lóð. Á þeim forsendum er erindinu frestað þar til umsóknarfrestur á auglýstum lóðum er liðinn.

Dagskrárliður 5

Byggingarfulltrúi leggur fram bréf frá Húsafríðunarnefnd frá 23.09.2010 (bygginganefnd 24.08.2010 dagskrárliður 8)

Afgreiðslur:

Í framhaldi af bréfi Húsafríðunarnefndar hafnar byggingarnefnd umsókn um leyfi fyrir viðbyggingu við Brimslóð 6 og vísar í lög um húsafríðun. Jafnframt beinir bygginganefnd því til byggingarfulltrúa að viðbyggingin verði tekin niður. Lagt er til að frestur til niðurrifs skal gefinn í fjórar vikur frá afgreiðslu bæjarstjórnar.

Dagskrárliður 6

Undiritaður, eigandi jarðarinnar Bakkakots, Blönduósbæ, sækir hér með um leyfi til að setja upp 15m² gestahús (frá Húsasmiðjunni) í Stekkjarhvammi í landi Bakkakots. Afgirt lóð verður 4 x 100m

Afgreiðslur:

Erindið er samþykkt

Önnur mál:**Dagskrárliður 7**

Aðalgata 2: fundargerð bæjarstjórnar frá 16.09.2010. Umsögn vegna leyfis um veitinga- og gististaði.

Afgreiðslur:

Bygginganefnd vísar á bug gagnrýni S-listans í bókun sinni í fundargerð bæjarstjórnar 16. september 2010. Fjallað var um málið á fundi skipulags-, bygginga, og veitunefndar 31. maí 2010, í dagskrárlið númer 3.

Dagskrárliður 8

Byggingarfulltrúi leggur fram bréf til sýslumannsins á Blönduósi vegna Blöndubýggðar 9

Afgreiðslur:

Bygginganefnd lýsir yfir ánægu sinni með afgreiðslu málsins frá hendi byggingafulltrúa. Bygginganefnd ítrekar fyrri afgreiðslur málsins og styður byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra í störfum sínum.

Dagskrárliður 9

Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtunarhald frá 2007 nr. 85: Umsagnir byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra til sýslumanns

Afgreiðslur:

Lagt fram til kynningar.

Dagskrárliður 10

Byggingafulltrúi leggur fram gögn vegna fyrirspurnar bygginganefndarfundar 25. ágúst 2010 dagskrárliðar 14.

Afgreiðslur:

Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið 19:20

Þórður Pálsson (sign)

Ingunn Ásgeirsdóttir (sign)

Valgerður Gísladóttir (sign)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign)

Haukur Ásgeirsson (sign)

Stefán Árnason, byggingafulltrúi (sign)

Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri (sign)